

Nd.

516. Frumvarp til laga

[181. mál]

um breytingu á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „allir til tveggja ára í senn“ í 1. málsg. 1. gr. laganna komi: enn fremur einum manni, sem stjórn Stéttarsambandsins skipar, en tilnefndur er til skiptis af framleiðendum garðavaxta og Sölufélagi garðyrkjumanna. Allir skulu þeir skipaðir til tveggja ára í senn.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarafurða, svo sem kjöts, mjólkur, mjólkurvara, garðavaxta og gróðurhúsaframleiðslu, skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits framleiðsluráðs. Skal þess jafnan gætt, að innflutningur á landbúnaðarvörum fari því aðeins fram, að innlend framleiðsla fullnægi ekki notkunarþörfinni að dómi framleiðsluráðs, og útflutningur því aðeins, að nægilegt sé eftir í landinu til nota fyrir almenning af þeirri vöru, sem út er flutt.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Ákveða skal verðlag á helztu innlendu garðávöxtum, svo sem kartöflum, gulrófum og gulrótum. Enn fremur er heimilt að ákveða verð á gróðurhúsaframleiðslu hvers konar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að verðskráðar séu fleiri tegundir matjurta. Skal að jafnaði fylgja þeirri reglu að hafa verðið lægst um aðaluppskerutíma hvernar tegundar. Á öðrum tímum árs skal ákveða verðið með tilliti til geymslukostnaðar og vaxtarauka.

4. gr.

Á eftir V. kafla laganna (28. gr.) koma 6 nýjar greinar í nýjum kafla, er verður VI. kafli, með fyrirsögninni: Um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu.

- a. (29. gr.) Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta og gróðurhúsaframleiðslu landsins. Það skal stuðla að því, að markaðurinn notist sem allra bezt og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að beztu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Enginn má verzla með kartöflur, gulrófur, gulrætur né hvers konar gróðurhúsaframleiðslu í heildsölu nema með leyfi framleiðsluráðs. Leyfi skal veita til eins árs í senn.
- b. (30. gr.) Framleiðsluráð skal vinna að því, að garðávaxtaframleiðendur í hverju héraði, er árlega framleiða garðávexti til sölu, myndi með sér á samvinnugrundvelli eitt eða fleiri félög eftir ástæðum, er vinni að hagsmunamálum garðávaxtaframleiðenda á félagssvæðinu.

Þar til almenn félagssamtök eru stofnuð og hafa hlotið viðurkenningu framleiðsluráðs, skal 5 manna nefnd, Sölunefnd garðávaxta, skipuð af landbúnaðarráðherra, stjórnna heildsölu á kartöflum, gulrófum, gulrótum og e. t. v. fleiru. Skal öll sala og dreifing á garðávöxtum fara fram undir stjórn hennar. Skyld er sölunefndinni að sjá um, að ætíð sé nóg af garðávöxtum til sölu, eftir því sem henni er unnt. Ráðherra skipar nefndina eftir tilnefningu stjórnna eftirtalinna búnaðarsambanda: Bs. Suðurlands, Bs. Borgarfjarðar, Bs. Eyjafjarðar, Bs. A.-Skaftfellinga og Bs. Kjalarnesþings, einn frá hverju. Nefndina skal skipa til þriggja ára í senn. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann. Sölunefndin ræður sér framkvæmdastjóra. Einnig velur hún sér umboðsmenn viðs vegar um landið til þess að taka á móti garðávöxtum af framleiðendum.

Í þeim héruðum, þar sem starfandi eru félög garðyrkjuframleiðenda, sem hlotið hafa viðurkenningu framleiðsluráðs, skulu umboðsmenn valdir í samráði við stjórn hlutaðeigandi sölufélags.

- c. (31. gr.) Framleiðsluráði skal heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumannanna sem sölufélag ylræktarbænda, enda uppfylli það skilyrði 30. gr. og önnur ákvæði laganna.
- d. (32. gr.) Sölunefnd garðávaxta vinnur að því í samráði við framleiðsluráð, að komið verði upp, þar sem hentugt þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helztu framleiðslu- og sölustöðum, með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.

Samvinnufélög eða búnaðarfélag, sem byggja matjurtageymslur, eiga rétt á stofnláni úr Ræktunarsjóði, er nemi 60% af byggingarkostnaði ásamt tilheyrandi vélum og öðrum útbúnaði, enda hafi framleiðsluráð samþykkt staðsetningu hússins, stærð og allan útbúnað og mælt með lánveitingunni.

Til þess enn fremur að tryggja árvissa sölu garðávaxta skal sölunefnd leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslunnar, sem ekki selst til manneðis hverju sinni.

- e. (33. gr.) Framleiðsluráði er heimilt að skipta landinu í sölusvæði, ef ástæða þykir til. Nú eru fleiri en eitt félag garðávaxtaframleiðenda á sölusvæði, og hlutast þá framleiðsluráð til um, að þau komi sér saman um stjórn fyrir sölusvæðið.

Sölunefnd garðávaxta getur í samráði við framleiðsluráð falið stjórnnum sérstakra sölusvæða nánar tiltekin störf, svo sem sölu og dreifingu garðávaxta á hlutaðeigandi svæði.

Sölunefnd garðávaxta sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal hún þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafrígríða með því að semja við einstaka kartöflufarmleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum tegundum og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

- Þegar stofnuð hafa verið félagssamtök garðávaxtaframleiðenda, sbr. 2. málsgr. 30. gr., sem hlotið hafa viðurkenningu framleiðsluráðs, tekur stjórn þeirra við þeim verkefnum, sem sölunefnd garðávaxta eru falin í lögum þessum.
- f. (34. gr.) Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa kafla laganna, þar sem m. a. er ákveðið:
1. um störf Sölunefndar garðávaxta;
 2. um flokkun og mat garðávaxta;
 3. um stofnræktun úrvals tegunda;
 4. um ráðstafanir til að greiða fyrir sölu úrvals matjurta, þegar mikið berst á markaðinn.

5. gr.

29. gr. (verður 35. gr.) laganna orðist svo:

Verðmiðlun á kjóti, mjólk, mjólkurvörum, matjurtum og eggjum skal haga þannig:

- a. Á kjóti: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af öllu kindakjöti, er nota skal til verðmiðlunar, er nægi til þess, að sláturleyfishafar geti greitt sama verð fyrir sams konar vöru afhenta á sláturstað, miðað við meðaltals sláturkostnað og flutningskostnað. Þá er heimilt að taka verðjöfnunargjald af stórgripakjöti, ef ástæða þykir til.
- b. Á mjólk og mjólkurvörum: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af allri mjólk, sem seld er til neyzlu, til að koma á hentugri vinnuskiptingu milli búanna, svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölvæða, eftir því sem framleiðsluráð telur þörf á, o. fl. (sjá 36. gr.).
- c. Heimilt er að taka verðmiðlunargjald af eggjum.
- d. Greiða skal verðjöfnunargjald af matjurtum, ef framleiðsluráð telur nauðsynlegt, til þess að hægt sé að jafna verðið milli söluvara annars vegar og vinnslu eða fóðurvara hins vegar.

6. gr.

30. gr. (verður 36. gr.) laganna orðist svo:

Framleiðsluráð ákveður árlega, hve hátt verðmiðlunargjald skuli tekið í samræmi við 35. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, sem þar um ræðir, og standa straum af framkvæmd laga þessara, þar á meðal kostnaði við framleiðsluráð o. fl. (sjá þó 9. gr.).

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31 2. apríl 1943, um verzlun með kartöflur o. fl., svo og ákvæði annarra laga, er brjóta í bág við lög þessi.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1955.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frv. samkv. tilmælum landbúnaðarráðherra. Nefndin áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Hér fara á eftir greinargerðir þær, er fylgdu frv.

„Með bréfi, dags. 26. jan. s. l., skipaði hæstvortur landbúnaðarráðherra okkur undirritaða í nefnd „til athugunar á því, á hvern hátt verði heppilegast að skipuleggja sölu og dreifingu matjurta og hverra úrræða þurfi að leita til að koma þeim málum fyrir á sem hagkvæmastan hátt“.

Var nefnd þessi skipuð eftir ósk Stéttarsambands bænda í tilefni af marg-
ítrekuðum samþykktum frá aðalfundum Stéttarsambandsins og ýmsum öðrum
fundum framleiðenda víðs vegar um landið um, að betri skipan yrði komið á
þessi mál.

Hefur mál þetta verið til meðferðar hjá Stéttarsambandi bænda síðan 1948,
og var þá næstu ár á eftir reynt að koma fram lagabreytingum við framleiðslu-
ráðslögin, sem þó bar ekki árangur.

Árið 1950 skipaði framleiðsluráð 4 manna nefnd, er skilaði álit 1951, sem
í fólust breytingar við framleiðsluráðslögin, er gengu í þá átt, að framleiðendur
sjálfir stofnuðu félagssamtök, er sæju um sölu og dreifingu matjurta. Síðar á því
ári gerði stjórn Stéttarsambandsins tillögur til landbúnaðarráðherra, sem gengu
mjög í sömu átt og álit nefndarinnar.

Í ársbyrjun 1952 var skipuð 5 manna nefnd í málið. Tilnefndi Stéttarsam-
bandið 2, S. Í. S. 1, Grænmetisverzlun ríkisins 1 og landbúnaðarráðherra 1, og var
hann formaður nefndarinnar. Starfaði hún fram í marz 1952. Nefnd þessi varð
ekki sammála í þýðingarmiklum atriðum, og varð þá ekki af frekari aðgerðum.

Þann 23. júní 1953 fól landbúnaðarráðuneytið Jóhannesi G. Helgasyni, MBA,
að rannsaka ástand garðræktarinnar í landinu og gera tillögur um skipan mat-
jurtasölunnar. Skilaði Jóhannes ýtarlegri álitgerð sumarið 1954.

Ef frá er talinn minni hluti nefndarinnar frá 1952, hafa allir aðilar, sem hér
hafa verið nefndir og um málið hafa fjallað, verið sammála um, að breytinga væri
þörf í þessum efnum og að heppilegast væri, að samtök framleiðenda tækju það í
sínar hendur. En eins og fyrr segir, hefur enn engin breyting orðið á skipan þessa
máls.

Síðan sumarið 1953, þegar framleiðsla á kartöflum varð miklu meiri en hægt
var að geyma og selja, hefur verið lögð enn meiri áherzla á það af framleiðenda
hálfu, að nýrri skipan yrði komið hér á og það sem allra fyrst.

Tillögur þær, sem hér liggja fyrir, eru formaðar sem breytingar á framleiðslu-
ráðslögunum. Í aðalatriðum eru þær að innihaldi sama efnis og þær tillögur, sem
getið er hér að framan. En þar sem enn eru engin samtök meðal framleiðenda garð-
ávaxta, en málið þolir ekki bið að álit meiri hluta nefndarinnar, er lagt til, að
þau 5 búnaðarsambönd, þar sem framleiðsla garðávaxta er mest, tilnefni sinn
manninn hvert í nefnd, sem landbúnaðarráðherra skipar, er hefði á hendi starf
það, sem gert er ráð fyrir, sbr. b-lið 4. gr. tillagnanna, þar til félagssamtök fram-
leiðenda hefðu verið stofnuð og væru viðbúin að taka við framkvæmdum.

Er hér gert ráð fyrir hliðstæðri skipan og í mjólkursölumálunum á sínum tíma.

Í 1. gr. tillagnanna er lagt til, að fjölgað verði um 1 mann í framleiðsluráði,
þ. e., að framleiðendur garðávaxta og Sölufélag garðyrkjumanna tilnefni hann til
skiptis. Sölufélagið hefur óskað eftir þeirri breytingu, og var meiri hluti nefndar-
innar sammála um, að það væri sanngjarnt, þar sem framleiðsluráð á að hafa yfir-
stjórn þessara mála.

Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fjölyrða um tillögurnar, og skýra þær
sig sjálfar í aðalatriðum. En þess skal getið, að í tillögunum er gert ráð fyrir
nokkrum smávægilegum breytingum á einstökum greinum framleiðsluráðslaganna,
sem ekki eingöngu snerta matjurtasölumálin, sbr. 2., 5. og 6. gr. tillagnanna.

Við undirritaðir leggjum áherzlu á, að frumvarp þetta geti orðið að lögum á
Alþingi því, er nú situr.

Dr. Björn Jóhannesson, sem ekki er sammála tillögunum í öllum atriðum,
mun skila séráliti.

Reykjavík, 22. febr. 1955.

Sverrir Gislason.

Helgi Pétursson.

Unnsteinn Ólafsson.

Jón Sigurðsson.“

„Ég undirritaður gat því miður ekki orðið sammála meðnefndarmönnum mínum, þeim Sverri Gíslasyni, Jóni Sigurðssyni, Helga Péturssyni og Unnsteini Ólafssyni, en þeir bera fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94 frá 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og fjallar það að mestu um breytingar á sölufyrirkomulagi garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu.

Meginástæður fyrir sérstöðu minni eru sem hér segir:

Samkvæmt frumvarpsuppkasti meiri hluta nefndarinnar skal svo kallaðri Sölu-nefnd garðávaxta falið að „stjórna heildsölu á kartöflum, gulrófum, gulrótum og e. t. v. fleiru“, og „skal öll sala og dreifing á garðávöxtum fara fram undir stjórn hennar.“ Nefnd þessi getur veitt sjálfri sér eða öðrum aðilum, fáum eða mörgum, leyfi til að verzla með garðávexti í heildsölu og smásölu með skilyrðum, er henni þóknast að setja. Ekki er kveðið á um það í frumvarpinu, hver eða hverjir skuli annast innflutning garðávaxta, en væntanlega réði nefndin því, þar eð innflutningur er vart hugsanlegur án heildsöluleyfis.

Ráðherra skal setja reglugerðir um störf sölunefndar og fleiri atriði. Af frumvarpinu verður þó ekkert ráðið um væntanleg reglugerðarákvæði varðandi störf sölunefndar, því að í frumvarpinu örlar varla á nokkru atriði, er kveður á um, hverjir skuli starfshættir hennar.

Ég tel naumast eðlilegt, að löggjafinn afhendi nefnd fimm manna, sem tilnefndir eru af félagasamtökum einnar stéttar, að kalla óskorað vald til að fara með eða ráða heildsölu og dreifingu (og væntanl. innflutningi) allra garðávaxta í landinu.

Ég get ekki komið auga á nokkra tryggingu fyrir því, að slík skipan — ef skipan skyldi kalla — mundi taka fram því fyrirkomulagi, er nú ríkir, og er því andvígur, að mál þessi verði leidd í óvissu.

Verzlun með kartöflur hefur verið nátengd starfsemi kaupfélaganna, og ég teldi eðlilegra að efla verzlunarkerfi garðávaxta á þessum grundvelli fremur en að vinna að stofnun nýrra hagsmunafélaga á samvinnugrundvelli, er taki að sér sölu garðávaxta eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Að öðru leyti virðist mér frumvarpið einkennast af óákveðnu orðalagi. Þar er allmikið um heimildarákvæði, og sagnirnar að „vinna að“ og „stuðla að“ koma víða fyrir. Mér er óskiljanlegur ávinningur sá, sem á að felast í því að hafa mörg óljós eða tvíræð ákvæði í lögum. Vilji löggjafinn gefa framkvæmdavaldinu frjálsar hendur, má annaðhvort taka það fram eða hafa auðan pappírinn í stað þess að setja á hann „ákvæði“ með þess konar orðalagi, að þau séu á engan hátt bindandi og að því er virðist helzt borin fram í þeim tilgangi að sniðganga þau.

Til bóta horfir það ákvæði í frumvarpinu að veita lán úr Ræktunarsjóði til að reisa geymslur fyrir garðávexti. Þetta atriði haggar þó ekki þeirri niðurstöðu minni, að sem heild sé frumvarpið svo gallað, að ég get ekki léð því samþykki mitt.

Loks skal þess getið, að störfum nefndarinnar var hraðað mjög mikið, eftir að hún var kölluð á fyrsta fund. Af þessari ástæðu gafst mér ekki tóm til að athuga þau mál, er hér um ræðir, eins gaumgæfilega og æskilegt mætti teljast. En í trausti þess, að Grænmetisverzlun ríkisins gefist tækifæri til umsagnar um frumvarp meiri hluta nefndarinnar, áður en það er tekið til afgreiðslu, þá hef ég kosið að hafa þessa greinargerð fáorða.

Aðrar athugasemdir.

Fyrir liggja allmargar félagssamþykktir bænda, þar sem krafizt er bættrar skipunar varðandi verzlun með garðávexti. Verður vart þeirrar kröfu, að framleiðendur fái aukin áhrif og ihlutun um þessi mál. Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur nú á hendi verðskráningu og mat á kartöflum, en Grænmetisverzlun ríkisins annast um innflutning og mikinn hluta heildsölnunnar vegna ríkjandi fyrirkomulags á niðurgreiðslu.

Það er ekki óeðlilegt, að framleiðendur vilji hafa sem mest áhrif á sölumeð-

ferð og dreifingu eigin framleiðslu, en í því tilfalli, er hér um ræðir, virðist mér ekki liggja ljóst fyrir, með hverjum hætti aukin íhlutun bændasamtaka um skipun verzlunar með garðávexti sé líkleg til að vinna bug á þeim vandkvæðum kartöfluframleiðslunnar, sem einkum valda óánægju.

Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa þeirri skoðun minni, að meginástæðan fyrir „kartöfluvandamálinu“ sé sú, að ísl. kartöflur eru sem heild léleg verzlunaryara, og fer saman, að þær hafa tiltölulega litið geymsluþol og eru útlitsljótar. Af þessu leiðir bæði það, að neyzla kartaflna er minni en skyldi, svo og hitt, að kaupstaðabúar, einkum Reykvíkingar, gera meir að því en ella mundi að rækta kartöflur til eigin neyzlu. Það er nefnilega reynsla, þar sem skilyrði til kartöfluræktar eru hagstæð eins og í Reykjavík, að fá má allárvissa uppskeru og góða vöru, ef varlega er farið með kartöflurnar við upptöku, þær þurrkaðar strax og komið fljótlega í góða geymslu, enda séu þær heilbrigðar.

Vegna þess fyrst og fremst, hve ísl. kartöflur þola yfirleitt illa geymslu, er bændum eðlilega í mun að selja sem mest af framleiðslunni strax að haustinu.

Veðráttá veldur því, að erfitt er að rækta hér á landi kartöflur með jafnmiklu geymsluöryggi og víða erlendis. Reynslan sýnir þó, að ísl. kartöfluframleiðendur geta náð miklu betri — og raunar viðunandi góðum — árangri með því að sýna meiri alúð og tileinka sér meiri ræktunarkunnáttu á þessu sviði. En til þess að ná viðhlítandi skjótum árangri í þessu efni er nauðsynlegt að haga verðlagi og mati þann veg, að það borgi sig að rækta góðar og geymsluþolnar kartöflur, en að það borgi sig hins vegar ekki að framleiða lélega vöru. Án efa mætti ná árangri með hæfilegri verð- og matsstefnu án lagabreytinga. Þess má þó vænta, að átak það, sem nauðsynlegt virðist að gera í þessu efni, muni til að byrja með auka óánægju með það „skipulag“ kartöflusölumálanna, er stæði að verulega auknum gæðakröfum. Er frá liði mundi framleiðendum hins vegar skiljast, að rétt var stefnt. Það er álit mitt, að gengi kartöfluræktarinnar sem atvinnugreinar sé fyrst og fremst háð því, að vel takist að auka gæði vörunnar.

Á meðan við ekki ræktum betri kartöflur en við gerum í dag, munum við eiga okkar „kartöfluvandamál“, og þau verða þeim mun erfiðari viðfangs sem það hendir oftast, að framleiðsla verði meiri en neyzluþörf. Það verða víst að teljast óskaðraumar, að við getum hagnýtt umframframleiðslu í einstaka árum til iðnaðar, svo sem spíritus- eða kartöflumjölsframleiðslu. Hagkvæmast virðist að nota slíka offramleiðslu beint til fódurs sem næst framleiðslustað.

Framangreindar athugasemdir um geymsluþol og gæði ísl. kartaflna varða ekki beint starf það, er nefndinni, sem ég var skipaður í, var ætlað að vinna. Þó hygg ég, að skaðlaust megi teljast, að þetta sjónarmið komi hér fram. Menn undrast þá ef til vill síður, eða verða fyrir minni vonbrigðum, þó að lagafyrirmæli eða skipulagsform leysi ekki viðfangsefni, sem ísl. náttúra og kunnátta um ræktun og meðferð garðávaxta ráða mestu um.

Reykjavík, 22. febrúar 1955.

Björn Jóhannesson.“